

Borgarstjórn Reykjavíkur

1. október 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að koma á fót samráðs- og samvinnuvettvangi með verkalýðshreyfingunni sem hittist með reglulegu millibili, til dæmis mánaðarlega. Tilgangur hans væri að vinna saman gegn því að komist sé upp með brot gegn starfsfólki þeirra fyrirtækja sem borgin kaupir þjónustu af, undirverktaka þeirra eða annarra í virðiskeðjunni. Hann væri skipaður fulltrúum þeirra stéttarfélaganna sem semja um þau störf sem um ræðir, eða í þeim tilfellum sem félögin sjálf óska eftir því, heildarsamtaka sem félag veitir umboð til setu á fundum fyrir þeirra hönd. Skrifstofu borgarstjórnar væri falið að tilnefna fulltrúa Reykjavíkurborgar í samstarfið.

Greinargerð

Brot á vinnumarkaði eru útbreidd í ýmsum starfsgreinum, en umfang þeirra er enn nokkuð órætt og erfitt hefur reynst að ná utan um umfangið og vinna skipulega gegn þeim. Opinberir aðilar eru berskjaldaðir fyrir því að styðja við brot gegn vinnuafli þar sem þau eru fyrst og fremst kostnaðar-/hagnaðardrífir, en rík skylda er á hinu opinbera að taka lögstu tilboðum í verk. Má ganga að því sem vísu að líkur á brotastarfsemi séu yfir meðallagi í tilfelli lögstu tilboða.

Með tilkomu laga um keðjuábyrgð færðist ríkari ábyrgð á hið opinbera sem verkkaupa en þó hafa opinberir aðilar oft litla yfirsýn neðar í keðjuna. Sömuleiðis hefur reynst erfitt fyrir stéttarfélögin að hafa eftirlit með því sjálf hvort félagsmaður sem til þeirra leitar vegna kjarasamningsbrota sé staddur í keðju sem opinber aðili á að bera ábyrgð á samkvæmt lögum um keðjuábyrgð, og tilkynna brotin til og virkja þann aðila ef ástæða þykir til þess.

Því er það tillaga sósíalísta að höfðu samráði við starfsfólk lögfræði- og vinnumarkaðssviðs Alþýðusambandsins og fleiri aðila verkalýðshreyfingarinnar að Reykjavíkurborg stofni vettvang þar sem getur átt sér stað reglubundið samtál, upplýsingamiðlun og samvinna um mótun ferla sem myndu stuðla að betra eftirliti með því að launafólk sé ekki hlunnfarið í viðskiptum Reykjavíkurborgar.